



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2009
Mál nr. 0802036

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu Björgunar ehf.

Björgun ehf. tilkynnti þann 6. janúar 2009 til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa. Allir hafa rétt til að kynna sér frummatsskýrsluna og leggja fram skriflegar athugasemdir fyrir 18. febrúar 2009 til Skipulagsstofnunar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna leggur fram eftirfarandi athugasemdir fyrir hönd Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Reykjavíkur.

Björgun ehf. hefur lagt fram frummatsskýrslu vegna efnistöku af hafsbotni í Faxaflóa. Fyrirtækið áætlað að fyllingarefni til framkvæmda við sunnanverðan Faxaflóa verði í vaxandi mæli sótt í námum í flóanum og óskar Björgun ehf. eftir umtalsverðu stærra námasvæði frá því sem nú er.

Stækkun sú sem Björgun ehf. er að fara fram á er gríðarleg. Samkvæmt upplýsingum úr frummatsskýrslunni hefur efnistaka Björgunar frá 1960 til 2008 verið um 6 milljón rúmmetrar á um hálfri öld. Nú sækir fyrirtækið um að taka 25 milljón rúmmetra af efni af hafsbotni Faxaflóa á tíu ára tímabili. Þetta samsvarar því að hægt væri að fylla í þrjár Kárahnjúkastíflur en í hana fóru 8,4 milljón rúmmetrar af fyllingarefni.

Dragnótaveiðar er aðeins hægt að stunda á mjúkum botni og afleiðingar efnistöku fela í sér að þær veiðislóðir sem eftir eru hverfa. Botninn á veiðisvæðunum lækkar og hann verður grýttur. Undir þetta er tekið í skýrslunni, en efnistakan veldur aukningu á dýpi námasvæðisins (k. 5.2.2). Veiðislóðin verður því ónýtt og nytjafiskar hverfa af þessum svæðum.

Sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunarinnar segja erfitt að meta áhrif efnistökkunnar á þéttleika einstakra tegunda og á botndýralíf í Faxaflóa. Minna sé vitað um áhrif efnistöku á fiska og því sé mörgum spurningum ósvarað um hugsanleg áhrif efnistöku í Faxaflóa. Sú ályktun sem dregin er í frummatsskýrslunni að umverfisáhrif séu óveruleg er því villandi þar sem sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunarinnar treysta sér ekki til að meta áhrifin.

Reynsla dragnótaveiðimanna af svæðinu er sú að lífríkið í Melakrikanum og Sandhalanum hafi dalað umtalsvert. Fyrir áratugum síðan voru þetta gjöful veiðisvæði en í dag hefur botninn eyðst töluvert og mörg svæði orðin að erfiðri veiðislóð.

Afleiðing efnistökkunnar hefur verið sú að botninn á veiðisvæðunum hefur lækkað, orðið grýttur og veiðislóðin eyðst.

Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að umtalsverður hluti af heildarafla í Faxaflóa sé veiddur á þessum svæðum. Tekið er undir þetta mat Hafrannsóknarstofnunar, en um 70% af skarkolaafli í Faxaflóa veiðimanna kemur af svæði 2 (Melakrika) eins og það er skilgreint í skýrslunni. Verði fallist á stækkun námasvæðis 2 (Melakrika) munu veiðarnar leggjast af á þessu svæði og öll starfsemi tengd veiðunum.

Það sem haldið er fram í frummatsskýrslunni á bls. 40 að dragnótaveiðimenn settu sig ekki upp á móti stækkun námu 4 (Sandhala) er misskilningur. Dragnótamenn eru almennt á móti stækkun námasvæða og aukinni efnistöku í flóanum. Ástæðan fyrir því að ekki var lagst gegn námatöku á Sandhala var viðleitni okkar til að koma að einhverju leiti til móts við efnistöku.

Tillaga Björgunar um að stjórna tímasetningu efnistökkunnar með tilliti til hrygningar marsíla byggir á misskilningi. Öll efnistaka hefur áhrif á lífríkið óháð hvenær hún á sér stað. Allt lífríki sem lendir í efnistökkunni eyðist og botninn lækkar og rýrir lífsskilyrði. Það gerist óháð tíma, tillagan felur aðeins í sér tafir á því ferli. Tillagan felur því í sér umferðarstýringu skipa á svæðinu, en ekki verndun lífríkisins og nytjastofna.

Aðalrök fyrirtækisins fyrir þessa gríðarlegu efnistöku eru þau að geta brugðist við stórum verkefnum sem upp kunna að koma á næsta leyfistímabili. Augljóst er af atburðum síðastliðinna mánaða í þjóðfélaginu að mikill samdráttur hefur átt sér stað í framkvæmdum bæði hjá einka- og opinberum aðilum. Framundan er minnkandi hagvöxtur og efnahagslægð næstu misseri og því þörf endurmats á röksemdafærslu Björgunar.

Fullyrt er í skýrslunni að ekki sé um aðra raunhæfa kosti til efnistöku í sjó að ræða en tilgreind svæði í Faxaflóa, Kollafirði og Hvalfirði. Hvergi kemur fram hvernig var staðið að þessari efnisleit og hvaða aðrir staðir hafi verið skoðaðir. Rætt er stuttlega um suðurströndina, en ekkert um önnur landsvæði. Þar sem um er að ræða gríðarlegt efnisnám hefði þurft að liggja skýrar fyrir hvaða aðrir staðir kæmu til greina, bæði á landi og í sjó.

Ósk Björgunar ehf. um að taka 25 milljón rúmmetra af hafsbotni Faxaflóa hefur veruleg áhrif á botndýralíf, viðgang fiskistofna og á starfsemi og veiðimöguleika dragnótaveiðimanna á svæðinu. Sérstaklega er áréttað að verði fallist á stækkun námasvæðis 2 (Melakrika) munu veiðarnar leggjast af á þessu svæði og öll starfsemi tengd veiðunum. Lagt er til að námavinnslusvæði Björgunar ehf. verði ekki stækkað frá því sem nú er og efnistakan verði verulega takmörkuð.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.